

Nd.

112. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 43 frá 1927 [Fátækralög].

Flutningsm.: Guðbr. Ísberg, Pétur Ottesen, Hannes Jónsson, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Við 51. gr. 2. mgr. Í stað orðanna „greiðist af sveitarsjóði“ komi: greiðist af rikissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði 51. gr. fátækralaganna um heimild sveitarstjórna til að fá óreglu-
menn og slæpingja, er sveitarstyrk þiggja, setta í þvingunarvinnu eða fangelsi
munu lítt eða ekki hafa verið notuð fyrr en vinnuhælið að Litla-Hrauni var reist.
Hugðu sveitarstjórnir þá gott til að knýja fram greiðslu hjá óreiðumönnum, er
eigi hirtu að greiða, eða sökum óreglu eigi gátu greitt framlagðan sveitarstyrk
þeim til handa. Þetta hefir og borið nokkurn árangur, en komið hefir fyrir, að
sveitarfélög hafa þurft að greiða meðgjöf svo hundruðum króna skiptir með
þurfalíngum sínum, vegna dvalar þeirra á Litla-Hrauni. Eru það of þungar bú-
sifjar fátækum sveitarfélögum, sem eru að sligast undir framfærslu þurfalínga
sinna, að verða eigi aðeins, samkv. ákvörðun löggjafans, að ala önn fyrir óreglu-
mönnum og slæpingjum, sem eigi vilja eða nenna að vinna, eða eyða kaupum sínu
öllu í óreglu, heldur þurfa og að greiða fyrir dvöl þeirra á opinberri refsistofnun,
sem hið sama löggjafarvald hvetur sveitarstjórnir til að nota sem hótun og þvingun
gagnvart þessum mönnum. Virðist eðlilegast, að sama gildi um alla menn,
sem dæmdir eru til hegningarvinnu eða þvingunarvinnu, að sá kostnaður, sem af
því stafar, sé greiddur af almannafé, að svo miklu leyti sem þeir greiða hann eigi
sjálfir. Er því lagt til, að ákvæðum 51 gr. fátækralaganna um greiðslu dvalar-
kostnaðar óreglusamra þurfamanna á refsistofnunum verði breytt á þann veg,
að ríkið greiði hann hér eftir.